

3. gr.

Merkja skal ullarsekk þannig:

Efst á hliðina sé stimplað orðið „Iceland“.

Í línu neðar sé rómversk tala, er sýni úr hvaða flokki ullin sé.

Í línu þar fyrir neðan sé skammstafað, þó ekki með færri en tveimur bókstöfum, nafn ullarseljanda.

Í línu þar fyrir neðan skal vera áframhaldandi töluröð sekkja úr hverjum flokki, svo að sjáist sekkjatala sú af hverjum flokki, sem hver einstök verzlun eða kaupfélag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar eru hér með settar, samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni frá 1. september 1926.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

ERINDISBRÉF

fyrir ullarmatsmenn.

27

1. apríl

1. gr.

Ullarmatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um verkun og þurrkun á ull, og leiknir í því, að flokka hana eftir þeim reglum, sem settar eru um ullarmat.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn eru yfirboðarar ullarmatsmanna, hver í sínu umdæmi. Ullarmatsmennirnir meta og flokka ull til útflutnings og hafa umsjón með pökkun, útskipun og meðferð hennar á útflutningsskipunum, undir yfirumsjón yfirullarumsjónarmanna og eftir nánari fyrirskipunum þeirra.

Þeir, sem þurfa að fá ull metna, skulu tilkynna það yfirullarmatsmanni, ef enginn ullarmatsmaður er á staðnum, og tilnefnir hann þann ullarmatsmann eða ullarmatsmenn, er matið skulu framkvæma.

3. gr.

Ullarmatsmenn skulu skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirullarmatsmanna og hagnýta sér sem bezt leiðbeiningar þeirra. Sýni þeir á hinn bóginn vanrækslu eða hirðuleysi í störfum sínum við mat eða merkingu ullarinnar, hefir yfirullarmatsmaður rétt til að vikja þeim frá starfinu fyrirvaralaust.

27

1. apríl

4. gr.

Á þeim útflutningsstöðum, þar sem ullarmagn er lítið, skal, eftir nánari ákvæðum yfirullarmatsmanns, einn matsmaður skoða, meta og flokka ullina og framkvæma annað, er að matsstarfinu lýtur, en annarsstaðar skulu tveir matsmenn gera það. Skulu þeir rita undir matsvottorð, en sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans viðurvist. Nú er hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, og skipar sýslumaður þá til þessa annan hæfan mann.

Ullarmatsmenn skulu úrskurða, hvort veður og sjór sé svo, að skipa megi ullinni út.

5. gr.

Ullarmatsmenn skulu gæta þess, að ull sé ávallt skoðuð, metin og vegin í þurrum og þrifalegum vörugeymsluhúsum, þar sem er nægilega hjart. Og sé ullin ekki flutt í skip jafnóðum og henni er pakkað, ber þeim að hafa eftirlit með því, að hún sé geymd á hreinum og rakalausum stað. Þurfi endurvigtun að fara fram á útflutningsstað, eða þurfi að skipta ullarsendingum til útflutnings, og af þessum orsökum útflytjandi þurfi á nýjum matsvottorðum að halda, eru matsmenn á útflutningsstað skyldir að láta slík vottorð í té í samráði við ullarmatsformann, án þess að endurmat sé nauðsynlegt.

6. gr.

Komi það fyrir við ullarmatið, hvort það er við skoðun á verkun ullarinnar eða þegar dæma skal þurrkun hennar, flokkun eða pökkun eða umsjón við útskipan, að matsmenn séu í vafa um eitthvað, eða komi eitthvað fyrir, sem þeir hafa ekki fengið fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til yfirullarmatsmanns og fá fyrirskipanir hans um, hvað gera skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir ráða það úr, sem þeim sýnist réttast, og skýra hlutaðeigandi yfirullarmatsmanni frá því sem allra fyrst. Þeir skulu og skýra honum frá eða leita til hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem hlut eiga að máli.

7. gr.

Kaup ullarmatsmanns skal vera almennt verkamannakaup greitt á staðnum, að viðbættum 10% um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, sekkjun eða útskipun. Á þeim stöðum, þar sem eigi er fastákveðið eða almennt gildandi kaupgjald, skal kaup ullarmatsmanna fara eftir samkomulagi milli matsmanna og ullarkaupanda.

Þurfi þeir að ferðast út fyrir hina löggiltu verzlunarlóð, þar sem aðalstarf þeirra er, en ekki út fyrir umdæmi sitt, telst borgunin einnig fyrir þann tíma, sem þeir verða að vera á ferðinni fram og aftur.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða

útflytjendum ullarinnar eða umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningsskipunum. 27
1. apríl

8. gr.

Þeir, sem ullin er metin fyrir, gjalda ullarmatsmönnum kaup þeirra fyrir vinnuna við ullarmatið, og gera matsmenn reikning yfir vinnulaunin; skulu þau goldin í peningum.

Sé matsmönnum neitað um greiðslu á vinnulaunum sínum, skulu þeir leita aðstoðar yfirullarmatsmanns; skal hann rannsaka málið og skera úr því.

9. gr.

Aðalstarf ullarmatsmanna er að sjá um ullarmat á þeim ullartökustað, sem yfirullarmatsmaður skipar þeim á hverjum tíma. Þó eru þeir skyldir til, ef yfirullarmatsmaður kveður þá til þess, að starfa að ullarmati utan þess staðar þar sem aðalstarf þeirra fer fram, sbr. 2. gr. Þeir skulu einnig hafa umsjón með sekkjun, merkingu og burtsendingu ullarinnar þar sem þeir meta.

Fyrir vinnu utan umdæmis síns fá þeir sömu tímaborgun og getið er í 7. gr., og auk þess ferðakostnað eftir reikningi. Ef þeir verða að bíða eftir að framkvæma matið, skulu þeir fá daglaun, 5 krónur á dag.

10. gr.

Ullarmatsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, né kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig né aðra.

11. gr.

Að loknum ullartökutímanum ár hvert senda ullarmatsmenn yfirullarmatsmanni skýrslu um starf sitt eftir skýrsluformi, sem stjórnarráðið semur.

12. gr.

Ullarmatsmenn rita undir drengskaparheit um það, að þeir vilji með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla, og hlýðnast ákvæðum erindisbréfs þessa.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf ullarmatsmanna frá 25. febrúar 1916.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.